

Reglur Mosfellsbæjar um fjárhagsaðstoð.

Eftirfarandi reglur grundvallast á IV og VI. kafla laga um um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

## **I. kafli – Almenn ákvæði**

### **1. gr. Markmið og hlutverk**

Markmið Mosfellsbæjar með veitingu fjárhagsaðstoðar er að stuðla að því að einstaklingar og fjölskyldur geti framfleytt sér.

Fjárhagsaðstoð er veitt einstaklingum og fjölskyldum sem eiga lögheimili í Mosfellsbæ eftir því sem nánar er kveðið á um í reglum þessum:

1. Þegar einstaklingar og fjölskyldur hafa ónógar tekjur sér til framfærslu og geta ekki séð sér og sínum farborða, sbr. IV. og VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.2.
2. Þegar um er að ræða fjárhagsaðstoð sem lið í endurhæfingu og stuðningi til sjálfshjálpar, enda ekki í verkahring annarra að veita hana. Jafnan skal kanna til þrautar aðra möguleika en fjárhagsaðstoð.

Fjárhagsaðstoð skal einungis veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, svo og í tengslum við úrræði annarra stofnana samfélagsins.

Fjárhagsaðstoð er ætluð til framfærslu en ekki til fjárfestinga eða greiðslu skulda og er að jafnaði veitt sem styrkur. Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum aðstoð vegna sérstakra aðstæðna sbr. IV. kafla reglna þessara.

Fjárhagsaðstoð samkvæmt reglum þessum er alltaf tímabundið úrræði og ber að skoða sem samvinnu Mosfellsbæjar og þess sem aðstoðarinnar nýtur, þar sem hjálp til sjálfshjálpar er leiðarljósið.

### **2. gr. Framfærsluskylda**

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Þeim sem sækir um aðstoð samkvæmt reglum þessum er skylt að leita sér að atvinnu og taka þeirri atvinnu sem býðst nema því aðeins að veikindi, örorka, hár aldur eða aðrar gildar ástæður hamli því.

Fjárhagsaðstoð skal veitt fólki í tímabundnum erfiðleikum og er aðstoð við einstaklinga og fjölskyldur til að mæta grunnþörfum þeirra.

Einstaklingar í skráðri sambúð í Þjóðskrá eiga sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón. Sambúðin skal hafa verið skráð í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram, sbr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

### 3. gr. Lækkun grunnfjárhæðar

Hafi umsækjandi hafnað atvinnutilboði og/eða námskeiðstilboði hjá vinnumiðlun, Mosfellsbæ, öðrum aðilum eða hefur verið settur á bið hjá Vinnumálastofnun, er heimilt að greiða honum allt að hálfri grunnupphæð framfærslukostnaðar skv. 9. gr. reglna þessara þann mánuð sem hann hafnar atvinnutilboði og/eða námskeiðstilboði, svo og mánuðinn þar á eftir. Sama á við um umsækjanda, sem er atvinnulaus án bótaréttar, og skilar ekki inn minnisblaði atvinnuleitanda.

### 4. gr. Réttur fylgir lögheimili

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram í lögheimilissveitarfélagi. Lögheimili manns er sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu. Maður telst hafa fasta búsetu á þeim stað þar sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tólmstundum sínum, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika, sbr. 2. gr. laga um lögheimili og aðsetur nr. 80/2018. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 80/2018 skal einstaklingur sem býr á fleiri en einum stað og í fleiru en einu sveitarfélagi eiga lögheimili þar sem hann dvelst meirihluta árs.

Telji starfsmaður að búseta umsækjanda sem skráður er með lögheimili í sveitarfélaginu, sé ekki ígildi fastrar búsetu, samanber ákvæði laga um lögheimili og aðsetur, skal tekin ákvörðun um hvort málið verði sent Þjóðskrár til nánari athugunar.

### 5. gr. Form fjárhagsaðstoðar

Fjárhagsaðstoð er ýmist veitt sem styrkur eða lán. Ef umsækjandi óskar þess skal aðstoðin veitt sem lán, svo og ef könnun leiðir í ljós að eðlilegt sé að gera kröfur um endurgreiðslu með tilliti til eigna og/eða framtíðartekna og er hámarkslánstími allt að fjórir mánuðir.

Einstaklingur sem bíður eftir afgreiðslu umsóknar á endurhæfingarlífeyri eða örorkumati frá Tryggingastofnun ríkisins, afgreiðslu Sjúkratrygginga Íslands eða af-

greiðslu umsóknar hjá Vinnumálastofnun getur sótt um fjárhagsaðstoð í formi láns. Þegar viðkomandi umsækjandi hefur fengið bætur sínar greiddar aftur í tímann, ber honum að greiða lánið til baka. Hámark láns samsvarar framfærslu-grunni í allt að fjóra mánuði.

Lán kemur aðeins til útborgunar eftir að gengið hefur verið frá lánasamningi. Ekki skal veita ný lán nema staðið hafi verið í skilum vegna eldri lána skv. greiðslusamkomulagi eða samið verið um endurgreiðslu eldri lána. Heimilt er að taka vexti af lánum, þó aldrei hærrí en meðalvexti lánastofnana á hverjum tíma.

#### 6. gr. Tímabil samþykkis

Sækja þarf um fjárhagsaðstoð í hverjum mánuði sem aðstoðin er veitt. Að öllu jöfnu er ekki heimilt að greiða fjárhagsaðstoð meira en einn mánuð aftur í tímann hafi viðkomandi átt rétt á aðstoð. Enginn skal njóta fjárhagsaðstoðar án þess að vera í samstarfi við félagsráðgjafa um lausn sinna mála.

Fjölskyldunefnd getur í undantekningartilvikum ákveðið að aðstoð skuli greidd lengra aftur í tímann, þó aldrei meira en fjóra mánuði.

## II. kafli – Umsóknir um fjárhagsaðstoð

#### 7. gr. Umsókn og fylgigögn

Umsókn skal skilað inn rafrænt í gegnum íbúagátt Mosfellsbæjar eða hún lögð fram í þjónustuveri Mosfellsbæjar. Skrifleg umsókn skal vera á þar til gerðu eyðublaði, undirrituð af umsækjanda og maka, ef við á. Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um fjárhagsaðstoð fyrir sína hönd.

Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn:

1. Skattframtal, álagningarseðill og staðgreiðsluyfirlit umsækjanda sem og maka ef við á. Launaseðlar síðustu þriggja mánaða, einnig maka ef við á. Yfirlit yfir greiðslur frá Tryggingastofnun. Yfirlit yfir greiðslur úr lífeyrissjóðum ef við á.
2. Staðfesting Vinnumálastofnunar ef umsækjandi er atvinnulaus að fullu eða að hluta. Umsækjandi í hlutastarfi skal óska eftir fullu starfi, nema sérstakur aðstæður mæli gegn því, svo sem veikindi eða sérstaklega erfiðar félagslegar aðstæður. Hafi umsækjandi ekki fengið að skrá sig á vinnumiðlun vegna þess að hann er ekki í virkri atvinnuleit á hann ekki rétt á fjárhagsaðstoð. Umsækjandi telst ekki í virkri atvinnuleit ef hann dvelur erlendis.

3. Minnisblað atvinnuleitanda, sem gefið er út af fjölskyldusviði Mosfellsbæjar, þar sem fram koma þrjú störf sem umsækjandi hefur sótt um síðastliðinn mánuð, sé umsækjandi atvinnulaus án bótaréttar hjá Vinnumálastofnun. Minnisblaðið þarf að fylgja með hverri umsókn.
4. Gilt læknisvottorð, sé umsækjandi óvinnufær. Gildistími læknisvottorða er þrjú mánuðir. Í sérstökum tilfellum og við endurnýjun umsóknar getur félagsráðgjafi aflað þessara gagna skriflega eða með símtali við sérfræðing með samþykki umsækjanda. Í læknisvottorði þarf að tilgreina ástæðu óvinnufærni, sjúkdómsgreiningu, upplýsingar um fyrirhugaða læknis meðferð og/eða endurhæfingu auk tímabils óvinnufærni.
5. Staðfestingu á umsókn hjá Vinnumálastofnun, Tryggingastofnun eða Sjúkratryggingum Íslands, sé sótt um lán til framfærslu, ásamt bankayfirliti eftir því sem við á.
6. Skírteini um dvalarleyfi, sé umsækjandi erlendur ríkisborgari. Erlendur ríkisborgari með dvalarleyfi, þar sem skyldur aðili ábyrgist framfærslu hans, á að jafnaði ekki rétt á fjárhagsaðstoð. Víkja má frá framangreindum kröfum um framlagningu gagna sé um rökstutt neyðartilvik að ræða.
7. Við þriðju umsókn um fjárhagsaðstoð er gerð krafa um að umsækjandi mæti til viðtals til félagsráðgjafa til að umsókn teljist fullgild. Þá skal umsækjandi sækja regluleg viðtöl til félagsráðgjafa með það að markmiði að vinna úr félagslegum vanda umsækjanda.

Umsókn fellur úr gildi ef umbeðin gögn berast ekki innan 14 daga frá móttöku umsóknar.

#### 8. gr. Viðtal og leiðbeiningar til umsækjanda

Umsækjanda er skylt að mæta í boðuð viðtöl til félagsráðgjafa þar sem kannaðar eru félagslegar aðstæður hans. Veita skal umsækjanda leiðbeiningar um málsmeðferð umsókna. Enn fremur skal hann upplýstur um rétt til aðstoðar sem hann kann að eiga annars staðar og ber honum að nýta sér þann rétt.

### **III. kafli – Réttur til fjárhagsaðstoðar – Framfærslukostnaður og mat á fjárhörf**

#### 9. gr. Upphæðir fjárhagsaðstoðar

Framfærslugrunnur tekur mið af útgjöldum vegna daglegs heimilishalds og miðast við grunnfjárhæð 221.183 kr. Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar er ákvörðuð af bæjarstjórn hverju sinni að fengnum tillögum fjölskyldunefndar. Upphæðir fjárhagsaðstoðar eru eftirfarandi:

Framfærslugrunnur einstaklinga 18 ára og eldri sem sannanlega reka eigið heimili er 1,0 eða 221.183 kr. Með rekstri eigin heimilis er átt við þær aðstæður þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning því til staðfestingar.

- Framfærslugrunnur einstaklinga 18 ára og eldri sem búa sjálfstætt og leigja húsnæði án þinglýsts húsaleigusamnings, hafa ekki aðgang að húsnæði eða dvelja á áfangahemili er 0,75 eða 165.887 kr.
- Framfærslugrunnur einstaklinga 18 ára og eldri sem búa hjá foreldrum, ættingjum eða með öðrum, og njóta þar með hagræðis af sameiginlegu heimilishaldi er 0,5 eða 110.592 kr.
- Framfærslugrunnur einstaklinga sem eru skráðir á sjúkrastofnun eða í áfengis- eða vímuefnaeðferð er 0,35 eða 77.414 kr. Heimilt er í sérstökum tilvikum að greiða húsaleigu í að hámarki tvo mánuði meðan umsækjandi er í áfengis- eða vímuefnaeðferð. Hámarksaðstoð fer þó aldrei yfir grunnfjárhæð. Þá er einnig heimilt að greiða dvalargjald á meðferðarstofnun enda sé slíkt ekki niðurgreitt af Sjúkratryggingum Íslands. Hámarksaðstoð dvalargjalds og framfærslustyrks fer þó aldrei yfir grunnfjárhæð. Það sama gildir hvort sem umsækjandi sækir meðferð héraðs eða erlendis.
- Framfærslugrunnur hjóna og fólks í skráðri sambúð er 1,6 eða 353.893 kr. samanlagt. Framfærslugrunnur hjóna greiðist jafnt til beggja umsækjenda.

Upphæð fjárhagsaðstoðar er óháð því hvort barn eða börn búi á heimilinu sbr. 10. gr.

#### 10. gr. Upplýsingar um tekjur

Allar tekjur umsækjanda/maka, í þeim mánuði sem sótt er um og mánuðinn á undan, koma til frádráttar við ákvörðun um upphæð fjárhagsaðstoðar.

Tekjur barna umsækjanda undir 20 ára aldri með lögheimili hjá umsækjanda koma ekki til frádráttar á rétti til fjárhagsaðstoðar.

Með tekjum er hér átt við allar innlendar og erlendar tekjur einstaklings/maka sem ekki eru sérstaklega til framfærslu barna, það er atvinnutekjur, allar skattskyldar tekjur Tryggingastofnunar ríkisins, greiðslur úr lífeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur, leigutekjur, mæðra- og feðralaun o.s.frv. Eigi umsækjandi rétt á atvinnuleysisbótum, skal reikna atvinnuleysisbætur honum til tekna, hvort sem hann hefur stimplað sig eða ekki, nema framvísað sé læknisvottorði.

Miðað er við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá. Húsaleigu- og vaxtabætur eru ekki taldar til tekna. Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostn-

aði verði fyrst og fremst mætt með greiðslu vaxta- og húsaleigubóta, en einnig er gert ráð fyrir honum í grunnfjárhæð.

Við mat á tekjum í fyrra mánuði er heimilt að miða við fulla grunnfjárhæð við skerðingu fjárhagsaðstoðar þó að einstaklingur eigi ekki rétt á óskertri grunnfjárhæð.

#### 11. gr. Eignir umsækjanda og maka hans

Eigi umsækjandi, maki hans eða sambúðaraðili peningalegar eignir eða aðrar eignir umfram íbúðarhúsnæði sem umsækjandi eða fjölskylda hans býr í og eina fjölskyldubifreið, á hann ekki rétt á fjárhagsaðstoð. Í þeim tilfellum skal vísa umsækjanda á lánaþinggreiðslu banka, þó að tekjur hans séu lægri en grunnfjárhæð. Eigi umsækjandi eða maki eignir í banka umfram grunnfjárhæð, samkvæmt síðasta skattframtali, skal skila inn bankayfirliti. Sýni bankayfirlit að eignir umsækjanda séu yfir grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar á hann ekki rétt á fjárhagsaðstoð.

#### 12. gr. Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar, hlutastörf

Atvinnurekandi og sjálfstætt starfandi einstaklingur getur sótt um fjárhagsaðstoð hafi hann hætt rekstri og lokað virðisaukaskattsnúmeri auk þess að hafa leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar. Sé umsækjandi í hlutastarfi með tekjur undir grunnfjárhæð skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá vinnumiðlun og óski eftir fullu starfi.

#### 13. gr. Námsmenn

Einstaklingar sem stunda nám sem lánshæft er hjá Menntasjóði námsmanna njóta ekki réttar til fjárhagsaðstoðar. Aðrir námsmenn eiga ekki rétt til fjárhagsaðstoðar nema fullnægt sé skilyrðum M-liðar 14. gr. reglna þessara um námstyrki/lán vegna náms.

### **IV. kafli – Heimildir vegna sérstakra aðstæðna**

#### 14. gr. Heimildargreiðslur

Aðstoð skv. undirliðum A, B, C, D, E, F, G, H og I er alfarið bundin við þá sem hafa fengið eða átt rétt á fjárhagsaðstoð a.m.k. síðustu þrjá mánuði. Sækja þarf sérstaklega um aðstoð skv. 14. gr.

A. Fæðingarstyrkur sem nemur 50% af grunnfjárhæð til umsækjanda. Sótt skal um fæðingarstyrk innan þriggja mánaða frá fæðingu barns. Fæðingarstyrkur er eingöngu greiddur í eitt skipti fyrir hvert barn.

B. Fermingarstyrkur sem nemur 50% af grunnfjárhæð til umsækjanda. Sótt skal um fermingarstyrk innan þriggja mánaða frá fermingardegi barns. Fermingarstyrkur er eingöngu greiddur í eitt skipti fyrir hvert barn.

C. Jólstyrkur sem nemur 25% af grunnfjárhæð til umsækjanda. Jólstyrkur er eingöngu greiddur út í desember ár hvert.

D. Styrkur/lán til heimilisstofnunar til þeirra sem eru að hefja sjálfstætt heimilis-hald, eftir virka endurhæfingu og/eða dvöl á stofnunum. Hámark er 85.280 kr. og greiðist einu sinni til hvers umsækjanda.

E. Heimilt er að gefa út ábyrgðaryfirlýsingu til tryggingar húsaleigu eigi umsækjandi ekki möguleika á fyrirgreiðslu í banka, hjá Leiguvernd eða sambærilegum aðilum. Staðfesting þess efnis skal liggja fyrir. Skilyrði er að viðkomandi geti greitt áfallandi leigumánuð sjálfur. Þinglýstur húsaleigusamningur til að minnsta kosti sex mánaða þarf að liggja fyrir. Hámark upphæðar er 312.000 kr. Verði gengið að ábyrgðaryfirlýsingu samkvæmt reglum þessum skal greiða þá upphæð sem um ræðir samkvæmt umsókn beint til leigusala og krefja umsækjanda um greiðslu ábyrgðar. Heimilt er að breyta kröfu um endurgreiðslu umsækjanda í lán. Aðstoð samkvæmt þessu ákvæði skal að hámarki veitt einu sinni á 12 mánaða tímabili.

F. Heimilt er að veita sérstaka fjárhagsaðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri og eiga lögheimili hjá viðkomandi foreldri. Um er að ræða aðstoð til að greiða áfallandi greiðslur fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, frístundaheimili og íþrótt- og tómsundaiðkun. Ætíð skal vera um tíma-bundna aðstoð að ræða. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru að hámarki 15.990 kr. Skilyrði fyrir aðstoð samkvæmt þessum lið er að umsækjandi nýti sér fyrst rétt sinn samkvæmt frístundakorti og niðurgreiðslu leikskólagjalda. Ef umsækjandi er í skuld við sveitarfélagið, þarf viðkomandi að semja um skuldina eða gera hana upp áður en unnt er að taka afstöðu til umsóknarinnar. Ekki er unnt að greiða lengra en einn mánuð aftur í tímann hafi umsækjandi átt rétt á fjárhagsaðstoð. Greitt er gegn greiðslukvittunum í umsóknarmánuði.

G. Heimilt er veita fjárhagsaðstoð í formi meðlagsgreiðslna með barni eða börnum sem umsækjandi hefur greitt með reglulega. Hækkar fjárhagsaðstoðin sem nemur einu meðlagi eins og það er á hverjum tíma með hverju barni. Umsækj-

andi skal sýna fram á að hann hafi staðið í skilum með meðlag a.m.k. undanfarna fjóra mánuði. Átt er við meðlagsgreiðslur hverju sinni, en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldir.

H. Heimilt er að veita foreldrum, sem hafa átt við langvarandi félagslega erfiðleika að etja, fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra vegna skólagjalda í framhaldsskóla og kaupa á námsgögnum. Hámarksfjárhæð vegna kaupa á námsgögnum og/eða skólagjöldum er 47.970 kr. fyrir hverja skólaönn. Greitt er gegn framvísun greiðslukvittana. Ákvarðanir um námskostnað skulu teknar fyrir hverja önn. Gildistími umsóknar er þrjú mánuðir frá samþykkisdegi.

I. Heimilt er í sérstökum tilvikum að greiða húsaleigu í að hámarki tvo mánuði meðan umsækjandi er í áfengis- eða vímuefnamedferð. Hámarksaðstoð fyrir hvern mánuð fer þó aldrei yfir grunnfjárhæð. Þinglýstur húsaleigusamningur þarf að liggja fyrir auk staðfestingar á greiðslu húsaleigu.

J. Heimilt er, hafi umsækjandi þegið fjárhagsaðstoð í sex mánuði eða lengur, að veita styrk til greiðslu nauðsynlegra tannlækninga. Hámark aðstoðar er 63.960 kr. á ári.

K. Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfarakostnaðar þegar sýnt hefur verið fram á að dánarbúið getur ekki staðið undir útför hins látna. Hámark styrks nemur 171.600 kr. Gögn sem þurfa að fylgja umsókn eru staðfest afrit af skattframtali hins látna, staðgreiðsluyfirlit, launaseðlar, greiðsluyfirlit frá tryggingum og lífeyrissjóðum og staðfesting frá stéttarfélagi um rétt til útfararstyrks.

L. Heimilt er að veita einstaklingum sem hafa tekjur á eða undir viðmiðunarmörkum fjárhagsaðstoðar styrk til greiðslu nauðsynlegra viðtala hjá sérfræðingum, svo sem sálfræðingum, geðlæknum og félagsráðgjöfum. Aðstoð þessi er liður í umfangsmeiri aðstoð þegar fyrirsjáanlegt er að eigi sé hægt að veita þjónustuna innan fjölskyldusviðs eða á vegum heilbrigðisstofnunar. Styrkur er veittur til einstaklinga sem hafa átt við mikla félagslega og/eða geðræna erfiðleika að stríða sem og til einstaklinga eða fjölskyldna sem hafa orðið fyrir alvarlegum áföllum, svo sem vegna dauðsfalla, ofbeldis, slysa eða skilnaðar. Hámark aðstoðar er 79.950 kr. á ári.

M. Heimilt er að veita einstaklingi sem þegið hefur fjárhagsaðstoð undanfarna sex mánuði og á við mikla félagslega erfiðleika að stríða samkvæmt faglegu mati félagsráðgjafa, fjárhagsaðstoð til framfærslu í námi. Heimilt er að víkja frá ákvæði um sex mánuði þegar sýnt er að mál einstaklings hefur verið til meðferðar skv. barnaverndarlögum og þörf sé á stuðningi til að tryggja áframhaldandi skóla-



göngu. Forsenda þess að ákvæði þetta sé nýtt er að umsækjandi og félagsráðgjafi geri með sér samkomulag um félagslega ráðgjöf þar sem fram kemur m.a. skóla-sókn, sem skal vera að lágmarki 80%, námsframvinda og/eða einkunnir. Miðað er við að námið leiði til þess að nemandi geti síðar hafið lánshæft nám. Til viðbótar við fjárhagsaðstoð er heimilt að veita styrk á hverri önn vegna kaupa á náms-gögnum og/eða skólagjöldum að hámarki 47.970 kr. Leggja skal inn umsókn um framfærslu í námi fjórum vikum áður en nám hefst og er umsókn afgreidd fyrir eina önn í senn. Aðstoðin er liður í umfangsmeiri aðstoð af hálfu fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar. Ákvarðanir samkvæmt þessu ákvæði skulu teknar fyrir hverja önn.

N. Heimilt er að veita einstaklingi sem þegið hefur fjárhagsaðstoð undanfarna sex mánuði og á við mikla félagslega erfiðleika að stríða samkvæmt faglegu mati fé-lagsráðgjafa, styrk til greiðslu námskeiða sem lið í endurhæfingu umsækjanda. Með endurhæfingu er átt við þegar félagsráðgjafi umsækjanda er jafnframt end-urhæfingaraðili og unnið er að endurhæfingaráætlun í samvinnu við Trygginga-stofnun. Aðstoðin er liður í umfangsmeiri aðstoð af hálfu fjölskyldusviðs Mos-fellsbæjar. Upphæð styrks getur að hámarki verið 100.000 kr. á ári.

15. gr. Heimilt er að veita sérstaka aðstoð í málum þar sem verið er að veita víð-tækan og markvissan stuðning og unnið er samkvæmt einstaklingáætlun. Skilyrði er að umsækjandi eigi í miklum félagslegum erfiðleikum og að það sé mat félags-ráðgjafa að vinna þurfi markvisst eftir einstaklingsáætlun. Aðstoðin miðar að því að stuðla að og viðhalda árangri með úrræðum og stuðningsvinnu. Þá er heimilt er að veita styrk til foreldra vegna sérstakra þarfa barna enda sé það hluti af um-fangsmikilli einstaklingáætlun og til þess fallið að tryggja að árangur í vinnu í máli viðkomandi glattist ekki.

## **V. kafli – Málsmeðferð og málskotsréttur**

16. gr. Rangar eða villandi upplýsingar

Rangar eða villandi upplýsingar sem leiða til þess að umsækjandi fái greiddan hærri styrk eða lán en honum ber samkvæmt reglum þessum leiða til þess að hægt er að krefja viðkomandi um endurgreiðslu eftir almennum reglum um kröfurétt.

17. gr. Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggileg-um hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum notenda eða annarra í starfi sínu

er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki þess er í hlut á.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að því marki að ekki stangist á við trúnað gagnvart öðrum.

#### 18. gr. Niðurstaða, rökstuðningur synjunar og málskot til fjölskyldunefndar

Kynna skal umsækjanda niðurstöðu fjölskyldusviðs skriflega svo fljótt sem unnt er. Synjun skal alltaf fylgja rökstuðningur. Sé umsókn synjað í heild eða að hluta skal umsækjanda kynntur réttur hans til að skjóta ákvörðuninni til fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar til endurskoðunar. Beiðni um endurskoðun skal koma fram innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðunina.

#### 19. gr. Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála

Um málsmeðferð fer skv. XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og stjórnarsýslulögum nr. 37/1993. Það felur meðal annars í sér að umsækjandi getur skotið ákvörðun fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að tilkynning barst um ákvörðunina. Kæra telst fram komin innan kærufrests ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist úrskurðarnefndinni eða verið afhent pósthjónustu áður en fresturinn er liðinn.

#### 20. gr. Gildistaka

Breytingar þessar, sem samþykktar voru á fundi velferðarnefndar 18. apríl 2023 og á fundi bæjarstjórnar 26. apríl 2023, eru byggðar á 21. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.